

Nr. 074 / 13 Amma Lillý BA 55**Leki um borð**

Skipaskr.nr. 6626
Smíðaður: Hafnarfjörður 1985
Stærð: 3,88 brl. 4,82 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 7,92 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,04 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Amma Lillý©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2013 var Amma Lillý BA 55 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: SA 5 m/sek (*Bjargtanga*)

Þegar báturinn var skammt suður af Látrabjargi varð skipstjóri varð skipstjóri var við leka á samsetningu á stefni. Færði hann til þunga og jók stafnhalla aftur þannig að lekinn minnkaði. Var bátnum siglt til hafnar í Rífi.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun eftir að komið var til hafnar kom í ljós að sprunga var aftarlega á bógnum sem rekja má til atviks fyrr á árinu (*sjá mál 037/13*). Gert hafði verið við skemmdir á stefni en viðgerðaraðila hafði yfirsést sprunga aftar á bógnum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.